Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030

# Brekkuborg

# 2019 – 2020



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: ... 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ... 3

2 Innra mat ... 4

2.1 Brekkulind...

2.2 Brekkulyng...

2.3 Brekkulundur...

2.4 Brekkulaut...

3 Ytra mat ... 16

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ... 17

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 18

6 Foreldrasamvinna ... 19

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ... 19

8 Fylgigögn ... 20

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning ... 20

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. ... 20

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs ... 20

8.4 Fylgiskjal 4 - Skóladagatal

## Leiðarljós leikskólans: Lýðræði, virðing og vinátta

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2018-2019 gekk í megindráttum vel. Erfiðlega gekk að ráða starfsmenn haustið 2018 og var þess vegna ekki fullvistað í skólann. Töluverð veikindi voru meðal starfsmanna, sérstaklega á vorönninni. Ekki tókst að ráða í stöðu aðstoðarleikskólastjóra, en við fengum til okkar fyrrverandi leikskólastjóra í hlutastarf frá október 2018 til apríl 2019. Ráðið var síðan í stöðu aðstoðarleikskólastjóra í maí 2019.

Verkefni skólaársins 2018-2019 voru margvísleg. Ný menntastefna og ný persónuverndarlög voru fyrirferðarmikil í umræðum starfsmannahópsins. Starfsmannahandbók skólans var endurskoðuð og erum við nú með gott upplýsingarit fyrir starfsmenn um flesta þætti skólastarfsins. Starfsmannahandbók er rit í stöðugri þróun og munum við halda áfram að bæta efni í hana.

Skóladagatal leikskólans tekur breytingum næsta skólaár. Umræða hefur verið meðal starfsmanna að takturinn í dagatalinu gefi börnunum ekki ráðrúm til að fara á dýptina í verkefni, of ör skipti séu á viðfangsefnum. Við fækkum þemum úr átta í þrjú. Haustþema verður frá 26.ágúst 2019 til 22.nóvember 2019. Í haustþemanu tökum við fyrir þá fræðslu sem var í haust,- líkams, - og fjölskylduþema. Vetrarþema verður frá 25.nóvember 2019 til 8.apríl 2020. Í vetrarþemanu tökum við fyrir þá fræðslu sem er um jólin, gamla tímann og um þjóðsögur og ævintýri. Síðast er svo vorþema frá 14.apríl 2020 til 10.júlí 2020. Þá tökum við fyrir þá fræðslu sem var í vor,-lýðveldis- og sumarþemanu. Umferðavikur og umhverfisdagar verða áfram inni í dagatalinu en litavikum ætlum við að breyta í litadaga og fækka þeim. Með þessari breytingu vonumst við til að börnunum gefist aukið ráðrúm til að þróa og dýpka nám sitt og leik.

Í maí 2019 var gert ytra mat á Brekkuborg á vegum Skóla og frístundarsviðs. Starfsmönnum og foreldraráði voru kynntar niðurstöðurnar í júní 2019. Skólinn kom mjög vel út úr því mati, svo vel að við fylltumst stolti og hlökkum til að vinna umbótaáætlun eftir niðurstöðum matsins. Okkar helsta áskorun verður að halda við þessum góða árangri.

# 2 Innra mat

Í fylgigögnum með síðustu starfsáætlun var umbótaáætlun skólans sett fram. Þrjú atriði voru þar listuð upp: 1. Uppfæra starfsmannahandbók, 2. Þróa og læra á málörvunarefnið Lubbi finnur málbein, 3. Skoða og bæta umhverfi leikskólans með tilliti til starfs í anda Reggio Emilia.

1. Starfsmannahandbókin var uppfærð og er nú mjög góð upplýsingaheimild um starfsemi og reglur leikskólans, bæði fyrir nýja og gamla starfsmenn.
2. Á skipulagsdegi í nóvember 2018 fengum við hálfs dags námskeið hjá Eyrúnu Ísfold Gísladóttur annars höfundar málörvunarefnisins Lubbi finnur málbein. Starfsmenn voru mjög ánægðir með námskeiðið og styrkti það vinnu okkar með Lubba. Nú á Lubbi sér stað í miðrými skólans þar sem allir hafa aðgang að. Þar er alls konar málörvunarefni geymt, bæði aðkeypt og heimagert. Allar deildir eiga sinn Lubba til að nota í málörvunarstundum og annan til að fara heim með börnunum.
3. Leikskólinn Brekkuborg var opnaður 1992 og mikið af húsbúnaði var/er upprunalegt. Í vetur byrjuðum við að skipta út lúnum skápum og hillum og höfum fengið inn húsgögn sem auðvelda börnum aðgengi að leikefninu og auðveldar starfsfólki að nýta og breyta rými barnanna eftir því hvaða leikur er í gangi. Við munum halda áfram með þessar endurbætur.

## 2.1 Brekkulind

Á deildinni voru 13 börn fædd 2015, 2016, og 2017 og 3 starfsmenn í 290% stöðu. Starfsemi vetrarins gekk vel og unnið var af fagmennsku. Vegna aðlögunar nýrra barna, sem stóð fram í nóvember 2018. var ekki byrjað að fullu í skipulögðu hópastarfi fyrr en um áramót.

Mikil samvinna er á milli Brekkulindar og Brekkulyngs. Í öllu hópastarfi og vettvangsferðum voru börn af báðum deildum saman og tveir kennarar með hverjum hóp sem hefur gefist vel. Við héldum áfram að vinna í anda Reggio Emilia og munum halda því áfram. Við lögðum mikla áherslu á aukinn orðaforða og lestur, unnum vel með Lubbaverkefni. Lubbi fékk að fara heim með barni yfir helgi og með Lubba fylgir bók sem foreldrar skráðu í hvað var gert og hvaða orð þau fundu með málhljóði vikunnar. Börnunum þótti þetta mjög spennandi og vildu helst eiga Lubba.

**Innra mat**: Skipulagt starf hefur gengið mjög vel í vetur og mikil samvinna var við Brekkulyng. 2 starfsmenn og börn frá sitthvorri deildinni voru saman í hópastarfi. Hópastarf byrjaði á fullu eftir áramót því aðlögun stóð fram í nóvember. Í hópastarfi tókum við m.a. fyrir hreyfingu í sal, listnám

í listaskála og tónlist.  Samvinna við Brekkulyng var mikil og góð og munum við halda áfram næsta vetur. Hreyfing í sal gekk mjög vel og augljósar framfarir á hreyfiþroska barnanna, en skráningu á færni barna þarf að bæta.  Næsta vetur stefnum við að því að efla færni barnanna i að klæða sig í og úr fyrir og eftir hreyfistundir.   Listaskáli var vel nýttur í vetur.  Börnin völdu sér oftast að mála en við reyndum að hvetja þau til að velja sér fjölbreyttari verkefni og nota verðlausan efnivið. Tónlistarstundir voru 1x í viku og gengu vel.  Við notuðum hljóðfæri, sungum, æfðum takt og fórum með þulur. Börnin höfðu mikla ánægju af þessum stundum en við viljum bæta skráningar með því að bæta öðrum starfsmanni við.

Vettvangsferðir hafa gengið vel.  Fyrri hluta vetrarins hefur verið kennsla í að fara í ferðir, læra umferðarreglur og fara eftir fyrirmælum. Seinni hluti vetrarins er mikið rætt um umhverfið, gróðurbreytingar og dýralíf skoðað. Hópurinn var of stór í byrjun og skiptum við honum í tvennt eftir áramót og gekk það mun betur.  Vegna samsetningar barnahópsins gekk ekki að taka inn verkefni Náttúruskólans – Prisma - eins og til stóð þar sem áherslan þurfti að vera á að fara eftir fyrirmælum og auka úthald. Börnin voru með í ákvörðunartöku um hvert skildi fara og þar stjórnaði lýðræðið. Börnin gerðu oft skráningar  eftir ferðir en viljum hafa þær fjölbreyttari. Við ætlum að byrja með minni hópa í haust og taka skráningarblöð með í ferðir.
Lubbastundir voru efldar í vetur og er starfsfólk orðið öruggara eftir að við fengum námskeið um Lubba með Eyrúnu Ísfold.  Allt málörvunarefni tengt Lubba er nú orðið aðgengilegra fyrir starfsfólk leikskólans, þar sem það var sett á einn stað í miðrýminu.  Lubbi fer líka heim með barni vikunnar, þar sem samvinna er við fjölskylduna um að lesa fyrir barnið og finna málhljóð vikunnar í bland við heimamenningu barnsins.  Þetta hefur gefist vel og börnin mjög áhugasöm.

Reggio : Notast er við náttúrulegan efnivið og verðlaust efni, börnin fá að hafa áhrif á að ákveða verkefni eftir þroska og aldri. Auðvelt aðgengi er að efniviði inni á deildum, en við þurfum að skipta oftar út leikefni.  Næsta vetur langar okkur að hafa meira af langtímaverkefnum í myndlist eða svokallaðri rannsóknarvinnu og fara meira eftir áhugasviðum barna. Skráningar voru gerðar og munum við halda áfram að þróa þær. Börnin sýna áhuga og frumkvæði og hjálpast að í verkefnum.

Matmálstímar hafa gengið vel og í vor byrjuðu elstu börnin að borða í salnum í hádeginu til aðlögunar að flæði í matmálstíma og munum við halda því áfram.

Við ætlum að leggja áherslu á skriflegar skráningar í öllum þáttum starfsins svo við getum betur metið þroska og framfarir barnanna.

| Umbótaþættir Brekkulind deild | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Reggio Emilia** | Vinna áfram með hugmyndafræði Reggio Emilia í myndlist | Nýta áhugasvið barnanna,vinna verkefni til lengri tíma. | Okt 2019-maí 2020 | Deildarstjóri/framkvæmdaraðilar allir deildarstarfsmenn | Safna gögnum, skriflegar og myndrænar skráningar | Að börnin geti hjálpast að í verkefnum og sýni frumkvæði. |
| **Tónlist** | 1xí viku skipulagðir tímar fyrir alla | Hafa tvo starfsmenn í verkefninu allt árið | Okt.2019-maí 2020 | Deildastjóri/framkvæmdaraðilar | Sameiginlegur deildafundur í jan.2020 og maí 2020 farið yfir skráningar | Að börn kunni þulur og söngva sem kennt var yfir veturinn og skynji takt. Geti notað einföld hljóðfæri. |
| **Skráningar** | Auka skriflegar og myndrænar skráningar í skipulögðu starfi. | Skráningarblöð, stílabækur og myndavél í skipulögðu starfi | Allt skólaárið | Deildastjóri og framkvæmdaraðilar | Sameiginlegur deildafundur í jan og maí 2020 og einnig farið yfir skráningar á deildafundum | Starfsfólk fái góða yfirsýn yfir þroska og færni barna. |

## 2.2 Brekkulyng

Síðastliðinn vetur 2018-2019 voru 13 börn á deildinni. Börnin eru fædd 2015, 2016 og 2017. Starfsmenn deildarinnar voru 3 í 2,7 stöðugildum. Starfsemi vetrarins gekk að langmestu leyti mjög vel sem m.a. fólst í mjög góðri samvinnu milli Brekkulyngs og Brekkulindar. Með þessari samvinnu deildanna þá jókst mjög fjölbreytileiki í leik og starfi barnanna. Það sem við ætluðum að gera samkv. markmiðasetningu síðasta árs, var framkvæmt í öllum megin atriðum. Ætlunin var m.a. að dýpka enn frekar skilning okkar á hugmyndafræði Reggio Emilia. Þessi vinna tókst nokkuð vel og munum við áfram vinna með þetta verkefni. Við höfðum það að leiðarljósi í þessari vinnu að börnin tækju virkan þátt m.a. með vali á verkefnum sínum. Annað í starfi vetrarins fólst m.a. í að lögð var áhersla á vettvangsferðir og útinám með elstu börnunum auk reglulegra hreyfitíma í sal sem allt gekk mjög vel. Einnig var lögð áhersla á lestur, aukinn orðaforða og tónlist. Helst er nefna í þessu sambandi er að við mættum bæta skriflegar skráningar en skráningar með myndrænum hætti gekk vel. Sérstaklega þarf að bæta skráningar varðandi tónlist, sem ætlunin er að bæta úr næsta skólaár. Börnin fóru heim með Lubba bangsa í vetur og gekk það verkefni mjög vel. Börnunum fannst þetta mjög spennandi og þeim verkefnum sem að Lubba snýr verður haldið áfram næsta vetur. Lubbi er greinilega kominn til að vera.

**Innra mat:** Skipulagt starf hefur gengið mjög vel í vetur og mikil samvinna var við Brekkulind. 2 starfsmenn og börn frá sitthvorri deildinni voru saman í hópastarfi. Hópastarf byrjaði á fullu eftir áramót því aðlögun stóð fram í desember. Í hópastarfi tókum við m.a. fyrir hreyfingu í sal, listnám í listaskála og tónlist. Samvinna við Brekkulind var mikil og góð og munum við halda áfram næsta vetur. Hreyfing í sal gekk mjög vel og augljósar framfarir á hreyfiþroska barnanna, en skráningu á færni barna þarf að bæta. Næsta vetur stefnum við að því að efla færni barnanna i að klæða sig í og úr fyrir og eftir hreyfistundir. Listaskáli var vel nýttur í vetur. Börnin völdu sér oftast að mála en við reyndum að hvetja þau til að velja sér fjölbreyttari verkefni og nota verðlausan efnivið. Tónlistarstundir voru 1x í viku og gengu vel. Við notuðum hljóðfæri, sungum, æfðum takt og fórum með þulur. Börnin höfðu mikla ánægju af þessum stundum en við viljum bæta skráningar með því að bæta öðrum starfsmanni við.

Vettvangsferðir hafa gengið vel. Fyrri hluta vetrarins hefur verið kennsla í að fara í ferðir, læra umferðarreglur og fara eftir fyrirmælum. Seinni hluti vetrarins er mikið rætt um umhverfið, gróðurbreytingar og dýralíf skoðað. Hópurinn var of stór í byrjun og skiptum við honum í tvennt eftir áramót og gekk það mun betur. Vegna samsetningar barnahópsins gekk ekki að taka inn verkefni Náttúruskólans – Prisma - eins og til stóð þar sem áherslan þurfti að vera á að fara eftir fyrirmælum og auka úthald. Börnin voru með í ákvörðunartöku um hvert skildi fara og þar stjórnaði lýðræðið.

Börnin gerðu oft skráningar  eftir ferðir en viljum hafa þær fjölbreyttari. Við ætlum að byrja með minni hópa í haust og taka skráningarblöð með í ferðir.

Lubbastundir voru efldar í vetur og er starfsfólk orðið öruggara eftir að við fengum námskeið um Lubba með Eyrúnu Ísfold.  Allt málörvunarefni tengt Lubba er nú orðið aðgengilegra fyrir starfsfólk leikskólans, þar sem það var sett á einn stað í miðrýminu.  Lubbi fer líka heim með barni vikunnar, þar sem samvinna er við fjölskylduna um að lesa fyrir barnið og finna málhljóð vikunnar í bland við heimamenningu barnsins.  Þetta hefur gefist vel og börnin mjög áhugasöm.

Reggio : Notast er við náttúrulegan efnivið og verðlaust efni, börnin fá að hafa áhrif á að ákveða verkefni eftir þroska og aldri. Auðvelt aðgengi er að efniviði inni á deildum, en við þurfum að skipta oftar út leikefni.  Næsta vetur langar okkur að hafa meira af langtímaverkefnum í myndlist eða svokallaðri rannsóknarvinnu og fara meira eftir áhugasviðum barna. Skráningar voru gerðar og munum við halda áfram að þróa þær. Börnin sýna áhuga og frumkvæði og hjálpast að í verkefnum.

Matmálstímar hafa gengið vel og í vor byrjuðu elstu börnin að borða í salnum í hádeginu til aðlögunar að flæði í matmálstíma og munum við halda því áfram.

Við ætlum að leggja áherslu á skriflegar skráningar í öllum þáttum starfsins svo við getum betur metið þroska og framfarir barnanna.

| Umbótaþættir Brekkulyng deild | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Reggio Emilia** | Vinna áfram með hugmyndafræði Reggio Emilia í myndlist | Nýta áhugasvið barnanna,vinna verkefni til lengri tíma. | Okt 2019-maí 2020 | Deildarstjóri/framkvæmdaraðilar allir deildarstarfsmenn | Safna gögnum, skriflegar og myndrænar skráningar | Að börnin geti hjálpast að í verkefnum og sýni frumkvæði. |
| **Tónlist** | 1xí viku skipulagðir tímar fyrir alla | Hafa tvo starfsmenn í verkefninu allt árið | Okt.2019-maí 2020 | Deildastjóri/framkvæmdaraðilar | Sameiginlegur deildafundur í jan.2020 og maí 2020 farið yfir skráningar | Að börn kunni þulur og söngva sem kennt var yfir veturinn og skynji takt. Geti notað einföld hljóðfæri. |
| **Skráningar** | Auka skriflegar og myndrænar skráningar í skipulögðu starfi. | Skráningarblöð, stílabækur og myndavél í skipulögðu starfi | Allt skólaárið | Deildastjóri og framkvæmdaraðilar | Sameiginlegur deildafundur í jan og maí 2020 og einnig farið yfir skráningar á deildafundum | Starfsfólk fái góða yfirsýn yfir þroska og færni barna. |

## 2.3 Brekkulundur

Á Brekkulundi byrjuðu 18 börn í haust en í lok febrúar fluttu 2 börn á aðra leikskóla, ekki voru önnur börn tekin inn í staðinn þar sem að það vantaði starfsfólk. 2 börn eru með skilgreindan stuðning. 4 starfsmenn voru á deildinni í 355 % starfi. 1 leikskólakennari í deildarstjórn, 1 starfsmaður í stuðning með B.s í sálfræði, 1 leikskólaleiðbeinandi og 1 leikskólaliði. Í lok mars fór deildarstjórinn í leyfi og sérkennslustjórinn tók við deildarstjórn að einhverju leyti.

**Innra mat:** Starfið á deildinni hefur gengið vel í vetur. Hópastarf var 2 daga í viku, þar sem unnið var með grófhreyfingar, fínhreyfingar, tónlist, samvinnu, myndlist og þemu. Hópastarfið gekk mjög vel og var börnunum skipt í 3 hópa sem fóru á milli stöðva. Við ætlum að efla sjálfshjálp barnanna enn meira í vetur með því að þjálfa þau í að klæða sig í og úr í byrjun og lok hreyfistunda. Mikil samvinna er á milli eldri deilda, 1 starfsmaður deildarinnar sá um að taka börnin á tveimur eldri deildunum í tónlistarstundir og gengu þær vel.

Vettvangsferðir voru einn af þeim þáttum sem við tókum til umbóta á síðasta ári og fórum við 1 x í viku í vettvangsferðir í vetur og gengu þær vel. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Unnið var með Prisma útikennsluverkefnið í byrjun en gott væri að nota það oftar. Okkur langar að bæta okkur í skráningum, hvað var gert og fá upplifun barnanna einnig með í skráninguna.

Umferðarvikur eru þrisvar á ári en í öllum vettvangsferðum er farið yfir umferðareglur.

Lubbastundir: voru efldar í vetur og er starfsfólk orðið öruggara með hvað það getur tekið fyrir í Lubbastundum eftir að við fengum námskeið um Lubba með Eyrúnu Ísfold. Allt málörvunarefni tengt Lubba er nú orðið aðgengilegra fyrir starfsfólk leikskólans, þar sem það var allt sett á einn stað í miðrýminu. Lubbi fer líka heim með barni vikunnar, þar sem samvinna er við fjölskylduna um að lesa fyrir barnið og finna málhljóð vikunnar í bland við heimamenningu barnsins. Þetta hefur gefist vel.

Við höfum eflt okkur í vetur með að vinna eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Við erum á réttri leið við höfum lagt áherslu á lýðræði barna með að þau komi að ákvörðunum um verkefni og viðfangsefni t.d. eins og að börnin setji upp valið á morgnana, aðstoði við val á lögum í söngstund og fá að velja efnivið í frjálsum leik og margt fleira. En okkur langar að vinna enn betur með þennan þátt með því m.a. að láta börnin ráða allavega einu lagi í lok hverrar samveru, leyfa þeim að stjórna einni alstund í hverri viku og fá meira frá þeim í lok vettvangsferða til að byggja á fyrir næstu ferð. Þetta er bara hluti af því sem við erum að gera með börnunum og hvað okkur langar til að byggja upp, starfsfólk er orðið meðvitaðra um að fá álit barnanna og vinna í að útvíkka leikinn. Börnin hafa unnið með

verðlaust og náttúrulegt efni í vetur í hópastarfi en okkur langar að þau geti unnið með það í frjálsa leiknum líka og verði örugg um hvar þau geti náð í það, t.d. með að nota meira listavagnanna og listaskálann.   Í vetur hafa börnin verið dugleg að leika sér með ljósaborðið og þau form og liti sem fylgja því.

Börnin hafa fengið fleiri tækifæri til að útvíkka leikinn sinn í vetur með því að fá að skilja eftir leikefnið og fá að vinna áfram með hann t.d. eftir útiveru eða á milli daga.  Við viljum reyna að aðstoða þau við að útvíkka leikinn enn meira í vetur og ætum að reyna að efla okkur í því.

| Umbótaþættir Brekkulundur deild | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Reggio Emilia** | Vinna áfram með hugmyndafræði Reggio Emilia | Vinna meira með opinn efnivið og verðlaust efni í verkefnastundum og frjálsum leik | September 2019 – maí 2020 | Deildarstjóri/framkvæmdaraðilar allir deildarstarfsmenn | Skráning eftir hópastarf og gögnum safnað saman eftir veturinn í maí 2020 | Að börnin verði meðvituð um og örugg með að vinna með opinn efnivið og verðlaust efni |
| **Lýðræði** | Aukin þátttaka barna í samverustund | Börnin velja lag í lok samverustundar. Barn vikunnar mun stjórna samverustund 1x í viku eftir áramót | Janúar 2020 - Júní 2020 | Deildarstjóri er ábyrgðaraðili Allir deildarstarfsmenn sjá um framkvæmd | Safna gögnum um þátttöku barna í samverustundum | Að börnin verði örugg með að stjórna samverustundum í vor |
| **Frjáls leikur** | Útvíkka leikinn og gefa þeim rými til að þróa leikinn | Hjálpa þeim að útvíkka leikinn út frá þeirra hugmyndum og gefa þeim meiri tíma í að þróa leikinn | Nóvember 2019-maí 2020 | Deildarstjóri er ábyrgðaraðili og allir starfsmenn sjá um framkvæmdina | Skráning og ljósmyndir úr starfi, könnunaraðferð með börnunum í maí | Að börnin verði áhugasöm í að útvíkka leikinn |
| **Vettvangsferðir** | Nota útikennslu verkefnið Prisma og bæta skráningu | Nota Prisma verkefnið oftar í vettvangsferðum og að gera skráningu eftir hverja vettvangsferð með upplifunum barna | September 2019-Maí 2020 | Deildarstjóri er ábyrgðaraðili og allir starfsmenn sjá um framkvæmdina | Farið yfir skráningar í maí 2020 | Að börn og starfsfólk verði öruggt með að vinna eftir Prisma og skráningar verði til eftir hverja ferð |

## 2.3 Brekkulaut

Á deildinni byrjuðu 24 börn haustið 2018 en um áramót færðust 2 börn á aðra leikskóla. Eftir áramót vorum við með 22 börn, 15 börn fædd 2013 og 7 börn fædd 2014. Starfsmenn voru 4 í 2,71 stöðuhlutfalli. Leikskólakennari með deildarstjórn, 2 leikskólakennarar og afleysing. Vegna krefjandi samsetningar barnahópsins og undirbúningstíma leikskólakennara vorum við fleiri en stöðugildin segja til. Eins voru starfsmannabreytingar sem ollu óstöðuleika í barnahópnum. Margt var gert til að geta unnið sem best með hópinn. Elstu börnunum skipt upp í 2 hópa og yngri börnunum í einn hóp. Börnunum var skipt upp í hópa í útiveru f.h. og e.h. sem skapaði meiri ró í hópnum og verkefnastundir unnar á morgnana en eftir hádegi var ýmist verkefnavinna eða skapandi leikur. Við það hefur skapast mikil ró í barnahópnum, þau eru dugleg að finna sér verkefni og hafa sterkt ímyndunarafl.

Fengum hegðunarráðgjafa frá Miðgarði í lok annar sem var okkur innan handa.

**Innra mat:** Skipulag deildarinnar hefur að mestu gengið vel í vetur.

Skólastundir voru 2 sinnum í viku, hópnum skipt í tvennt, þær gengu mjög vel og féllu ekki niður í vetur. Unnið var með fínhreyfingar, bókstafi, tölustafi, sjálfsmynd, félagsfærni og fleira,.

Farið var í vettvangsferðir og elstu börnin sýndu hvar þau eiga heima.
Umferðarvikur eru þrisvar á ári en í öllum vettvangsferðum er farið yfir umferðareglur.
Í hverri viku fór deildin í vettvangsferðir, þar sem umhverfið var kannað, form og það sem áhuga vakti hjá börnunum.

Yngri börnin fengu fínhreyfiverkefnastundir, og verið var að undirbúa þau fyrir skólastundir og verkefni næsta vetur.

Hreyfistundir voru markvissari fyrir áramót þar sem börnin voru æfð í grófhreyfingum, boltafærni, gripi og jafnvægi, úti sem inni. Einnig var farið nokkuð markvisst í jóga í lok stundanna.

Stefnt er að hafa hreyfistundir 1 sinni í viku og börnin fái þjálfun í að klæða sig í og úr fötunum .

Mikill samvinna er á milli eldri deilda og tók starfsmaður á Brekkulundi öll börnin í tónlistarstundir einu sinni í viku, í þremur hópum.

Sögustundir voru tvisvar sinnum á dag . Börnunum var skipt upp í 2 – 3 hópa . Í þeim fer fram, fræðsla lestur bóka og umræður. Oft var farið í jóga í lok sögustundar. Lögð var áhersla að börnin lærðu að umgangast bækur og bera virðingu fyrir þeim. Unnið hefur verið með að börnin fái að taka þátt í vali

á bókum fyrir deildina farið á Borgarbókasafn og teknar bækur. Börnin voru dugleg að skoða bækur og voru vel upplýst. Áhugi barnanna hefur skilað sér því að nokkur barnanna eru orðin læs.

Lubbastundir voru efldar í vetur og er starfsfólk orðið öruggara með hvað það getur tekið fyrir í Lubbastundum eftir að við fengum námskeið um Lubba með Eyrúnu Ísfold. Allt málörvunarefni tengt Lubba er nú orðið aðgengilegra fyrir starfsfólk leikskólans, þar sem það var allt sett á einn stað í miðrýminu. Lubbi fer líka heim með barni vikunnar, þar sem samvinna er við fjölskylduna um að lesa fyrir barnið og finna málhljóð vikunnar í bland við heimamenningu barnsins. Þetta hefur gefist vel.

Reggio. Unnið er út frá áhugasviði barnanna þau spurð opinna spurninga og þær þróaðar áfram. Opinn efniviður er sýnilegur inn á deild , fyrir framan deildina er listavagn þar sem þau fá að velja sér efnivið úr. Einnig fá þau að fara með starfsmanni í listaskála og velja sér efnivið sem þau fara með inn á deild til að vinna með.

Viðburðir sem tengdast leikskólanum eru börnin höfð með í ráðum, könnunarvefur unninn til að fá þeirra áhuga og vitneskju. Í lok verkefnis er vefurinn notaður til þess að sjá hversu mikið börnin hafa lært.

Mikil vinna hefur farið í að kenna börnunum virðingu fyrir öllu lífi, hvort öðru og umhverfi sínu. Miklar framfarir hafa verið á leik barnanna, virðingu fyrir hvort öðru og sjálfstæði og sjálfshjálp þeirra.

Í lok annar var skólahópur spurður um hvað þeim langaði í útskriftaferð, bæði mat og ferðatilhögun. Sameiginlega var ferðin skipulögð og svo á einnig með um aðrar ferðir í sumar, allar hafa þær miðast við áhuga barnanna.

Elstu börnin taka þátt í samstarfi við Húsaskóla . Farið var í nokkrar heimsóknir yfir veturinn, setið kennslustundir og borðað í hádeginu í skólanum. Eins fengum við að vera með í íþróttatímum. Einnig var samvinna við frístund í Húsaskóla. Börnin tóku þátt í jólagleði 1. bekkjar skólans, sýndu helgileik og var öllum foreldrum boðið.

Samstarf var við dagdeild Eirar. Börnunum var skipt upp í tvo hópa í vetur og fór hver hópur einu sinni í mánuði ásamt 2 starfsmönnum. Það var talað saman spilað, sungið unnin sameiginleg verkefni og farið í leiki.. Endað var á sameiginlegri sumarhátíð sem fleiri vistmenn og starfsfólk tóku þátt í vegna veðurblíðu. Einnig tóku þeir þátt í þjóðhátíðarskrúðgöngu Brekkuborgar með okkur.

Börnin tóku þátt í 25 ára afmæli Eirar sungu þau og var forseta Íslands og frú boðið í afmælishátíðina.

Börnin tóku einnig þátt í jólagleði Eirar og sýndu þar helgileik. Þeim var boðið á flestar deildir Eirar þar sem þau sungu fyrir dvalargesti.

| Umbótaþættir Brekkulaut deild | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Reggío stefnan** | Börnin fái tækifæri að velja sér viðfangsefni og fái tíma til að þróa verkefnið.<br><br>Starfsfólk sé tilbúið að hlusta á raddir barnanna og séu með opnar spurningar. | Vinnum með verðlausan efnivið og hann sé sýnilegur fyrir börnin og þau hafi frjálsan aðgang að honum. | September 2019 til maí 2020 | Deildarstjóri/framkvæmdaraðilar allir deildarstarfsmenn | Metið í júní 2020 og þá eru skráningar skoðaðar. | Að börnin verði meðvituð um og örugg með að vinna með opinn efnivið og verðlaust efni og nálgist hann að eigin frumkvæði.<br><br>Að börnin fái að þróa verkefni og koma með sínar hugmyndir og unnið sé út frá því. |
| **Hreyfing** | Hreyfistundir séu reglulegar og markvissar og börnin fái þjálfun í að klæða sig úr og í. | Setja upp reglulegar hreyfistundir í sal og vettvangsferðir Börnin klæða sig í og úr þægilegum fatnaði fyrir íþróttastundir. | September 2019 til maí 2020 | Deildarstjóri/framkvæmdaraðilar allir deildarstarfsmenn | Metið í júní 2020 og þá er metið úthald og styrkur barnanna með prófunum og skráð á þar tilgerð blöð. | Starfsmenn geri mat á grófhreyfiþroska og getu barnanna og endurmeta hann tvisvar yfir skólaárið. Að börnin sýni gleði yfir eigin getu. |
| **Bækur** | Fá börnin til að umgangast bækur betur og hvernig eigi að ganga frá þeim. | Með því að fræða börnin um hvernig á að umgangast bækur og að kenna þeim að ganga frá bókunum. Bókin sé í hávegum höfð | September 2019 til maí 2020 | Deildarstjóri/framkvæmdaraðilar allir deildarstarfsmenn | Metið í júní 2020 og þá er rætt um hvernig hafi gengið. | Eftir veturinn að börnin kunni að ganga frá bókum og setji þær á sinn stað og gangi vel um þær og sýni þeim virðingu.. |
| | | | | | | |

# 3 Ytra mat

6.-10. maí 2019 gerði SFS ytra mat á leikskólanum Brekkuborg. Matsskýrsla var kynnt starfsmönnum 19.júní 2019. Áætluð skil á umbótaáætlun er 2.september 2019.

Niðurstöður ytra mats voru góðar. Helstu tækifæri til umbóta eru á sviði innra mats. Einnig þarf að búa til áætlun um viðbrögð við áföllum og stofna áfallateymi, læsisstefnu þarf að móta betur og tryggja að starfsfólk fái samningsbundinn undirbúningstíma.

| Umbótaþættir Ytra mat | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Áfallaráð** | Virkt áfallaráð sé starfandi við skólann. | Upplýsinga-öflun af netinu, frá öðrum skólum og okkar eigin hugmyndir. | September 2019-Maí 2020 | Leikskólastjóri og stjórnendateymi | Umræðumat í stjórnenda-hópnum og í starfsmanna hópnum. | Virk áfallaáætlun og ráð sé til við skólann |
| **Læsisstefna** | Læsisstefna Brekkuborgar sett í læsisáætlun | Umræða, greining og skráning á því sem verið er að gera í Brekkuborg í sambandi við læsi og hverju þarf að bæta við | Ágúst 2019 – júní 2020 | Leikskólastjóri ber ábyrgð, allir starfsmenn koma að framkvæmd | Gátlisti fyrir leikskóla – menntastefna Reykjavíkur - Læsi | Skrifleg og virk læsisstefna er til við skólann og er vistuð í starfsmanna handbók og á heimasíðu skólans |
| **Undirbúnings tímar** | Starfsfólk fái samnings - bundinn undirbúnings-tíma | Umræða á starfsmannafundi um hvað sé undirbúningur. Verklag gert um skráningu á undirbúnings tímum | September 2019-Maí 2020 | Leikskólastjóri/ aðstoðar-leikskólastjóri/ deildarstjórar/ þeir sem eiga undirbúnings-tíma | Farið yfir skráningar á hversu oft voru teknir undirbúnings tímar, eftirfylgni | Í starfsmanna handbók séu til verklags reglur um undirbúnings tíma og skráningar blöð. |

## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsviðtöl við starfsmenn 4.-20. febrúar 2019. Viðtölin gengu vel og með góðri samvinnu starfsmanna leikskólans tókst að halda skipulagi viðtalanna.

Starfsviðtöl leikskólastjóra við alla starfsmenn eru áætluð 10.febrúar til 6.mars 2020. Til viðbótar þessum viðtölum taka deildarstjórar sína starfsmenn í viðtal a.m.k. einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Markmið þessara viðtala er að veita starfsmönnum endurgjöf á starf sitt.

Skólaárið 2018-2019 sótti starfsfólk sér fjölbreytta fræðslu.

- Í ágúst kom Þórhallur Macck með fræðslu inn á skipulagsdag um nýtt tölvukerfi leikskólans.
- Stjórnendateymið fór á námskeið um innra mat sem SFS hélt. Hópurinn skipti sér niður á þrjú skipti, október til desember 2019.
- Leikskólastjóri tók þátt í námskeiðsdegi leikskólastjóra í október 2019
- Á skipulagsdegi í nóvember fengum við hálfs dags námskeið inn á skipulagsdag um málörvunarverkefnið Lubbi finnur málbein.
- Deildarstjórar yngstu deilda sátu nokkra fræðslufundi hjá Miðju máls og læsis
- Í janúar 2019 kom Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir með fræðslu inn á skipulagsdag um jafnrétti
- Þrír starfsmenn sóttu leikskólaráðstefnu SFS í febrúar 2019
- Sérkennslustjóri og stuðningsaðili sóttu námskeið hjá GRR
- Sérkennslustjóri sat fyrirlestur frá Jafnréttisstofu.
- Starfsmenn sóttu fundi á starfsárinu í tengslum við nýja menntastefnu.

Fræðsla og námskeið sem áætluð eru næsta skólaár eru:

- Leikskólastjóri tekur þátt í forystunámi Reykjavíkurborgar september 2019 - janúar 2020 samtals 8 skipti.
- Tveir deildarstjórar, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka þátt í PMTO námskeiði. Það námskeið er í 6 daga frá september – desember 2019
- Slysavarnarnámskeið verður fengið á skipulagsdag.
- Fræðsla um barnavernd verður fengin inn á skipulagsdag.

Starfsfólk Brekkuborgar er duglegt að fylgjast með námskeiðum í boði og sækja sér aukna þekkingu. Reynt er eftir fremsta megni að verða við þessum óskum.

# 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

## Samstarf Brekkuborgar og Húsaskóla veturinn 2019 – 2020

Þann 7.6.2019 á skipulagsfundi Brekkuborgar og Húsaskóla var ákveðið að setja niður gróft skipulag fyrir næsta vetur og hittast svo 5.september 2019 kl. 14:00 í Húsaskóla, þegar stundatöflur liggja fyrir og festa viðburði niður á dagsetningar. Heimsóknir verða í Kastala, sem er frístundarheimili Húsaskóla. Áhugi er hjá skólastjórnendum beggja skóla að vera með meira samstarf og samráð veturinn 2019-2020.

| | |
|---|---|
| Vika 40 | 1. bekkur Húsaskóla í heimsókn á Brekkuborg |
| Vika 41 | Brekkuborg í heimsókn í Húsaskóla – frímínútur |
| Vika 44 | Brekkuborg í ratleik í Húsaskóla – starfsmaður Húsaskóla tekur á móti hópnum og leiðir hann um skólann. Kastalinn heimsóttur. |
| Vika 46 | Brekkuborg í heimsókn í skólann (allur hópurinn) – spilastund |
| Vika 46 – 15.11.2019 kl.10:10. | 7.bekkur Húsaskóla kemur á Brekkuborg og les fyrir börnin |
| Vika 50 – 11.12.2019 kl.10:15 | Sameiginleg jólagleði 1.bekkjar og Brekkuborgar. Foreldrum boðið, BB með helgileik, 1.bekkur með atriði. Veitingar – eftir á að ákveða hver kemur með hvað. |
| Vika 2 | Brekkuborg í heimsókn í íþróttatíma |
| Vika 8 | 1.bekkur í heimsókn í Brekkuborg og sýnir skólatöskuna |
| Vika 10 | Brekkuborg í heimsókn til skólastjóra – jafnvel tvískiptur hópur. Bókasafn Húsaskóla heimsótt. Heimsókn í Kastala. |
| Vika 11 | Brekkuborg fer í heimsóknir í litlum hópum (3-5) og tekur þátt í skólastarfi 9:40-? Leikskólabörnin borða sitt nesti í nestistíma og fá hádegisverð í Húsaskóla. |
| Vika 14 | Heimsókn í Kastala |
| Vika 20 | Brekkuborg í heimsókn í íþróttatíma |
| Vika 20 (líklegast) | Væntanlegir 1.bekkingar og foreldrar þeirra boðnir í skólann á skólafærninámskeið. |
| Vika 22 | Heimsókn í Kastala. Börnunum boðið í síðdegishressingu. |
| Vika 22 - Líklegast 27.maí | Vorhátíð Húsaskóla |

# 6 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð
  - Foreldraráð er starfandi við leikskólann.  Veturinn 2018-2019 voru þrír fulltrúar í ráðinu frá jafn mörgum deildum.  Kosning í foreldraráð fer fram á foreldrafundum að hausti.
- Foreldrafélag
  - Foreldrafélagið Eik er starfrækt við skólann.  Á foreldrafundum að hausti er kosið í stjórn félagsins.  Ekki er fjöldatakmörk í stjórn félagsins, en reynt er að hafa tvo fulltrúa frá hverri deild.  Stjórn félagsins kýs sér formann og gjaldkera á fyrsta fundi.  Deildarstjóri elstu deildar er tengiliður leikskólans við félagið.  Leikskólastjóri situr fundi þegar þurfa þykir.  Markmið foreldrafélagsins er að auðga leikskólastarfið með ýmsum uppákomum s.s. leiksýningu fyrir börnin, rútukostnaði, borga mat í hádegi fyrir útskriftarhópinn í útskriftarferð, sveitaferð/sumarhátíð, fá jólasveina á jólaball leikskólans ásamt því að styrkja sveinana í pakkagjöfum fyrir börnin.  Gíróseðlar eru sendir út þrisvar á ári.
- Foreldrafundir
  - Foreldrafundir veturinn 2019-2020 verða haldnir 17. og 18. september 2019.  Við ætlum að hafa þá nýbreytni að fyrri daginn verður fundurinn kl. 17:00 en seinni daginn kl. 8:30.  Boðið verður upp á fræðslu frá hegðunarráðgjafa og talmeinafræðingi Miðgarðs ásamt kynningu á starfi leikskólans.  Kosið verður í foreldraráð og stjórn foreldrafélags
- Foreldraviðtöl
  - Tvisvar á ári eru foreldraviðtöl á hverri deild.  Dagsetningar foreldraviðtala koma fram í skóladagatali.

# 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2019-2020 eru eftirfarandi:

- Föstudagurinn 23.ágúst 2019.
- Miðvikudagur 2.október 2019.  Leik og grunnskólar í Grafarvogi lokaðir
- Föstudagurinn 29.nóvember 2019
- Föstudaginn 7.febrúar 2020.  Leik og grunnskólar í Grafarvogi lokaðir.
- Föstudagurinn 27.mars 2020
- Mánudaginn 11.maí 2020.  Leik og grunnskólar í Grafarvogi lokaðir.

Skóladagatal fylgir sem fylgiskjal 4 -  8.4.

# 8 Fylgigögn

## 8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

## 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

## 8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

## 8.4 Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal

F. h. leikskólans Brekkuborgar

Svala Ingvarsdóttir 12.7.2019

____________________________________________________

Leikskólastjóri Dagsetning

## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

| Vísbending | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér. |
|---|---|---|
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum? | 1 | |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum | 1 | |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | 14 | |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum? | 2 | |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum? | já | |
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum? | já | |
| Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk) | Já | |
| Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun? | já | |
| Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning? | já | |
| Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma? | já | |
| Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra? | já | |
| Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir? | já | Miðgarð, Greiningar- og ráðgjafastöð Ríkisins, talmeinafræðinga á einkareknum stofum, sjúkraþjálfara hjá Æfingastöðinni |
| Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans? | já | |
| Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna? | já | |

**Niðurstöður innra mats**

Verkefni sérkennslustjóra voru mörg fyrir utan vinnu með börnunum, vera tengiliður leikskólans við hina ýmsu sérfræðinga, sitja teymisfundi með sérfræðingum og foreldrum, sitja deildarfundi og deildarstjórafundi þar sem starfsmenn fengu ráðgjöf varðandi einstök börn eða barnahópinn í heild, sitja fyrirlestra og námskeið, veita foreldrum ráðgjöf, leggja Hljóm2 fyrir börnin, gerð einstaklingsnámskráa. Starfsfólk hefur greiðan aðgang að sérkennslustjóranum til að fá ráðgjöf og stuðning daglega.

2 börn hafa verið með skilgreindan stuðning í vetur. 3 börn hafa fengið aðstoð hjá hegðunarráðgjafa, 5 börn eru í talþjálfun og 10 börnum var vísað til talmeinafræðings.

Mörg börn voru í málörvun eða framburðaþjálfun hjá sérkennslustjóra þennan veturinn, flest þessara barna voru hjá talmeinafræðing eða að bíða eftir að komast í málþroska -eða framburðamat hjá talmeinafræðing einnig börn með annað móðurmál en íslensku. Gott samstarf hefur verið við flesta talmeinafræðinga og foreldrar hafa verið duglegir að koma með þær æfingar sem vinna átti eftir í leikskólann svo að við gátum unnið þetta í samvinnu. Öll börn voru með einstaklingsáætlun sem að sérkennslustjóri kom að.

Fengum sjúkraþjálfara í heimsókn sem leiðbeindi okkur með vinnu við barn og hvernig við gætum nýtt okkur þau verkfæri sem að við erum með á leikskólanum.

Mikil og góð samvinnu hefur verið við Greiningar- og Ráðgjafastöð Ríkisins, Barnavernd, hina ýmsu talmeinafræðinga, sjúkraþjálfara, hegðunarráðgjafa, sérkennslufulltrúa og sálfræðinga Miðgarðs.

Sérkennslustjóri tók Hljóm2 á elstu börnunum í leikskólanum og aðstoðaði deildarstjóra við TRAS skimun. Óvenju mikið var um að börn kæmu út með slaka eða mjög slaka færni í Hljóm2 í haust, svo að settir voru saman 2 Hljómhópar í vetur og unnið með þá færni sem upp á vantaði. Prófið var svo sett aftur fyrir í lok janúar og byrjun febrúar og náðu flestir upp í meðalfærni þá. Þeir sem ekki náðu meðalfærni var vísað til talmeinafræðings í Miðgarði.

Í lok mars tók sérkennslustjóri einnig að sér að vera deildarstjóri einnar deildar í leyfi viðkomandi deildarstjóra.

| Umbótaþættir Sérkennsla | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Hljóðkerfisvitund, Hljóm2** | Að innleiða fyrr og efla þá þætti sem að teknir eru fyrir í Hljóm2, hljóðkerfisvitund | Koma með ráðgjöf og verkefni til starfsmanna sem tengjast Hljóm2 | September-Febrúar | Sérkennslustjóri | Útkomu úr Hljóm 2, haustið 2020 | Að börnin séu öruggari í þeim hljóðkerfisþáttum sem að teknir eru fyrir í Hljóm2 |
| **Að takast á við erfiða hegðun** | Að verða öruggari með að takast á við hegðunarerfiðleika | Fara á PMTO námskeið | September-Desember 2019 | Sérkennslustjóri og leikskólastjóri | Ljúka námskeiði í desember 2019 | Að verða öruggari með að takast á við allskonar hegðun í starfi |

## Fylgiskjal 2

**Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.**

| Vísbending | Já eða nei | Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi |
|---|---|---|
| Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi | já | Í litlum hópum og inni á deild í frjálsum og skipulögðum leik |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða) | já | Notum mikið samhliða tal |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? | já | Erum mjög meðvituð um hvernig við tölum og um hvað, erum með Lubbaorð vikunnar og Tákn vikunnar (TMT) |
| Er fylgst með framförum barnanna? | já | Notaðir eru orðaforðalistar, Orðaskil og skráning í lok hverrar skipulagðrar málörvunarstundar |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna?<br>• Orðaforði og málskilningur<br>• Tjáning og frásögn<br>• Hlustun og hljóðkerfisvitund<br>• Ritmál<br>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun | já | Í gegnum allt starfið á leikskólanum |

**Niðurstöður innra mats**

Unnið var með börn með annað móðurmál í öllu starfi inni á deildum í vetur, einnig tók sérkennslustjóri þau og önnur börn í málörvun. Börnin voru með einstaklingsáætlanir þar sem unnið var með flesta þætti málsins og rætt um á deildarfundum hvað þyrfti að vinna með. Við viljum vinna markvissara með börnunum og efla meira starfið inni á deildum, með vinnu í litlum hópum.

| Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Málörvun á deildum** | Markvissari málörvun barna með annað móðurmál en íslensku | Gera litla hópa á deildum og vinna markvissara með málörvun einstakra barna í samvinnu við sérkennslustjóra | September - Maí | Sérkennslustjóri og deildarstjóri viðkomandi deildar | Safna gögnum um vinnuna í hópunum í maí | Börnin verði örugg með að tjá sig á íslensku og aukinn skilningur |

**Fylgiskjal 3**

# Starfsáætlun 2019 – 2020
# Brekkuborg

# Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Berglind Zoëga**
**Helga Ásdís Jónasdóttir**
**Hildur Halldórsdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.

- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

**Umsögn foreldraráðs:**

Starfsáætlun Brekkuborgar er heilt yfir góð og vel framsett. Farið er vel yfir starf vetrarins á hverri deild fyrir sig og gerð grein fyrir þeim umbótum sem þurfa þykir ásamt umbótaáætlun. Þær umbætur sem stefnt er að fyrir allar deildir eru í samræmi við mat hverrar deildar fyrir sig. Allar deildir setja sér markmið um bætta skráningu og eru þær umbætur í samræmi við niðurstöður úr ytra mati leikskólans.

Ytra mat leikskólans kom mjög vel út og liggja helstu umbætur í innra mati líkt og fram kemur í áætlun. Metum það svo að sú umbótaáætlun sem sett hefur verið fram sé raunhæf og skýr.

Starfsmenn eru duglegir að sækja sér fræðslu líkt og fram kemur í áætlun og hefur sú fræðsla skilað sér í starfið, má þar sérstaklega nefna fræðslu varðandi Lubbaverkefnið. Þær breytingar sem gerðar voru síðastliðinn vetur hafa haft jákvæð áhrif á þróun verkefnisins innan leikskólans.

Við teljum breytingar á skóladagatali leikskólans jákvæðar. Teljum við að komið sé til móts við óskir starfsmanna um meira svigrúm og að það gefi færi á opnari dagskrá út frá áhugasviði barnanna. Þá teljum við jákvætt að sumarlokun ársins 2020 sé skráð á skóladagatal strax að hausti 2019, en sumarlokun var ákvörðuð út frá kosningu sem fór fram meðal forráðamanna barna þar sem tekið var mið af óskum meirihlutans.

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST

| ÁGÚST 2019 | | | SEPTEMBER 2019 | | | OKTÓBER 2019 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | F | Sumarlokun | 1 | S | | 1 | Þ | |
| 2 | F | Sumarlokun | 2 | M | | 2 | M | Skipulagsdagur í Grafarvogi |
| 3 | L | | 3 | Þ | | 3 | F | |
| 4 | S | | 4 | M | | 4 | F | |
| 5 | M | Frídagur verslunarmanna | 5 | F | | 5 | L | |
| 6 | Þ | Sumarlokun | 6 | F | | 6 | S | |
| 7 | M | Sumarlokun | 7 | L | | 7 | M | Foreldraviðtöl Lind þessa viku |
| 8 | F | Sumarlokun | 8 | S | Dagur læsis | 8 | Þ | |
| 9 | F | Sumarlokun | 9 | M | | 9 | M | |
| 10 | L | | 10 | Þ | | 10 | F | |
| 11 | S | | 11 | M | | 11 | F | Bleikur litadagur |
| 12 | M | Sumarlokun | 12 | F | | 12 | L | |
| 13 | Þ | | 13 | F | Slökkviliðið heimsækir Laut | 13 | S | |
| 14 | M | | 14 | L | | 14 | M | Foreldraviðtöl Lyng þessa viku |
| 15 | F | | 15 | S | | 15 | Þ | |
| 16 | F | | 16 | M | Dagur íslenskrar náttúru<br>Umhverfisdagur BB | 16 | M | |
| 17 | L | | 17 | Þ | Foreldrafundur kl.17:00 | 17 | F | |
| 18 | S | | 18 | M | Foreldrafundur kl. 8:30 | 18 | F | |
| 19 | M | | 19 | F | | 19 | L | |
| 20 | Þ | | 20 | F | | 20 | S | |
| 21 | M | | 21 | L | | 21 | M | Foreldraviðtöl Lundur þessa viku |
| 22 | F | Skólasetning grunnskóla Rvk | 22 | S | | 22 | Þ | |
| 23 | F | Skipulagsdagur | 23 | M | Jafndægur að hausti | 23 | M | |
| 24 | L | | 24 | Þ | | 24 | F | Vetrarleyfi grunnskóla |
| 25 | S | | 25 | M | | 25 | F | Vetrarleyfi grunnskóla |
| 26 | M | Aðlögun nýrra barna hefst<br>Haustþema hefst | 26 | F | Haustmánuður hefst<br>Evrópski tungumáladagurinn | 26 | L | Gormánuður hefst - 1.vetrardagur |
| 27 | Þ | Tvímánuður hefst | 27 | F | | 27 | S | Bangsadagurinn |
| 28 | M | | 28 | L | | 28 | M | Vetrarleyfi grunnskóla<br>Foreldraviðtöl Laut þessa viku |
| 29 | F | | 29 | S | | 29 | Þ | |
| 30 | F | | 30 | M | Umferðavika | 30 | M | |
| 31 | L | | | | | 31 | F | Hrekkjavakan |

| NÓVEMBER 2019 | | | DESEMBER 2019 | | | JANÚAR 2020 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | F | | 1 | S | Fullveldisdagurinn<br>1.sunnud.í aðventu | 1 | M | Nýársdagur |
| 2 | L | | 2 | M | | 2 | F | |
| 3 | S | | 3 | Þ | | 3 | F | Umhverfisdagur |
| 4 | M | | 4 | M | | 4 | L | |
| 5 | Þ | | 5 | F | | 5 | S | |
| 6 | M | Vasaljósadagur | 6 | F | Rauður litadagur | 6 | M | Þrettándinn |
| 7 | F | | 7 | L | | 7 | Þ | |
| 8 | F | Baráttudagur gegn einelti | 8 | S | 2.sunnudagur í aðvventu | 8 | M | |
| 9 | L | | 9 | M | | 9 | F | |
| 10 | S | | 10 | Þ | | 10 | F | |
| 11 | M | | 11 | M | | 11 | L | |
| 12 | Þ | | 12 | F | | 12 | S | |
| 13 | M | | 13 | F | Jólaball | 13 | M | Umferðavika |
| 14 | F | | 14 | L | | 14 | Þ | |
| 15 | F | | 15 | S | 3.sunnudagur í aðvventu | 15 | M | |
| 16 | L | Dagur íslenskrar tungu | 16 | M | | 16 | F | |
| 17 | S | | 17 | Þ | | 17 | F | |
| 18 | M | | 18 | M | | 18 | L | |
| 19 | Þ | | 19 | F | | 19 | S | |
| 20 | M | | 20 | F | | 20 | M | |
| 21 | F | | 21 | L | | 21 | Þ | |
| 22 | F | | 22 | S | 4. sunnudagur í aðventu<br>Vetrarsólstöður | 22 | M | |
| 23 | L | | 23 | M | Þorláksmessa | 23 | F | |
| 24 | S | | 24 | Þ | Aðfangadagur | 24 | F | Þorri byrjar - Bóndadagur - Þorrablót - Bóndadagskaffi |
| 25 | M | Vetrarþema hefst Ýlir hefst | 25 | M | Jóladagur Mörsugur hefst | 25 | L | |
| 26 | Þ | | 26 | F | Annar í jólum | 26 | S | |
| 27 | M | | 27 | F | | 27 | M | |
| 28 | F | Jólasamvera foreldra 14:30-16:30 | 28 | L | | 28 | Þ | |
| 29 | F | Skipulagsdagur | 29 | S | | 29 | M | |
| 30 | L | | 30 | M | | 30 | F | Vasaljósadagur |
| | | | 31 | Þ | Gamlársdagur | 31 | F | |

| FEBRÚAR 2020 | | | MARS 2020 | | | APRÍL 2020 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | L | | 1 | S | | 1 | M | 28 ára afmæli Brekkuborgar |
| 2 | S | | 2 | M | | 2 | F | Blár litadagur |
| 3 | M | | 3 | Þ | | 3 | F | |
| 4 | Þ | | 4 | M | | 4 | L | |
| 5 | M | | 5 | F | | 5 | S | Pálmasunnudagur |
| 6 | F | Dagur leikskólans | 6 | F | | 6 | M | |
| 7 | F | Skipulagsdagur í Grafarvogi<br>Leikskólaráðstefna SFS | 7 | L | | 7 | Þ | |
| 8 | L | | 8 | S | | 8 | M | |
| 9 | S | | 9 | M | | 9 | F | Skírdagur |
| 10 | M | Tannverndarvika Brekkuborg | 10 | Þ | | 10 | F | Föstudagurinn langi |
| 11 | Þ | | 11 | M | | 11 | L | |
| 12 | M | | 12 | F | | 12 | S | Páskadagur |
| 13 | F | | 13 | F | Rugludagur | 13 | M | Annar í páskum |
| 14 | F | | 14 | L | | 14 | Þ | Vor og sumarþema hefst |
| 15 | L | | 15 | S | | 15 | M | |
| 16 | S | | 16 | M | | 16 | F | |
| 17 | M | | 17 | Þ | Stóri innritunardagurinn | 17 | F | |
| 18 | Þ | | 18 | M | | 18 | L | |
| 19 | M | | 19 | F | | 19 | S | |
| 20 | F | | 20 | F | Jafndægur að vori | 20 | M | |
| 21 | F | Konudagskaffi | 21 | L | Downs dagurinn | 21 | Þ | Barnamenningarhátíð í Reykjavík |
| 22 | L | | 22 | S | | 22 | M | Barnamenningarhátíð í Reykjavík |
| 23 | S | Konudagur - Góa byrjar | 23 | M | Foreldraviðtöl Lind þessa viku | 23 | F | Barnamenningarhátíð í Reykjavík<br>Sumardagurinn 1.- Harpa byrjar |
| 24 | M | Bolludagur | 24 | Þ | Einmánuður hefst | 24 | F | Barnamenningarhátíð í Reykjavík |
| 25 | Þ | Sprengidagur | 25 | M | | 25 | L | Barnamenningarhátíð í Reykjavík |
| 26 | M | Öskudagur | 26 | F | | 26 | S | Barnamenningarhátíð í Reykjavík |
| 27 | F | | 27 | F | Skipulagsdagur | 27 | M | Foreldraviðtöl Lundur þessa viku |
| 28 | F | | 28 | L | | 28 | Þ | |
| 29 | L | Hlaupársdagur | 29 | S | | 29 | M | |
| | | | 30 | M | Foreldraviðtöl Lyngi þessa viku | 30 | F | |
| | | | 31 | Þ | | | | |

| MAÍ 2020 | | | JÚNÍ 2020 | | | JÚLÍ 2020 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | F | Verkalýðsdagurinn | 1 | M | Annar í hvítasunnu | 1 | M | Íþróttahátíð úti þessa viku |
| 2 | L | | 2 | Þ | | 2 | F | |
| 3 | S | | 3 | M | | 3 | F | |
| 4 | M | Umferðavika | 4 | F | | 4 | L | |
| 5 | Þ | | 5 | F | | 5 | S | |
| 6 | M | | 6 | L | | 6 | M | |
| 7 | F | | 7 | S | Sjómannadagurinn | 7 | Þ | |
| 8 | F | Opið hús 14:30-16:30 | 8 | M | | 8 | M | |
| 9 | L | | 9 | Þ | | 9 | F | |
| 10 | S | Mæðradagurinn | 10 | M | | 10 | F | |
| 11 | M | Skipulagsdagur í Grafarvogi | 11 | F | | 11 | L | |
| 12 | Þ | Foreldraviðtöl Laut þessa viku | 12 | F | | 12 | S | |
| 13 | M | | 13 | L | | 13 | M | Sumarlokun |
| 14 | F | | 14 | S | | 14 | Þ | Sumarlokun |
| 15 | F | | 15 | M | | 15 | M | Sumarlokun |
| 16 | L | | 16 | Þ | Þjóðhátíð í Brekkuborg - Kaffidagur foreldra úti | 16 | F | Sumarlokun |
| 17 | S | | 17 | M | Lýðveldisdagurinn | 17 | F | Sumarlokun |
| 18 | M | Foreldraviðtöl Laut þessa viku | 18 | F | | 18 | L | |
| 19 | Þ | | 19 | F | | 19 | S | |
| 20 | M | Gulur litadagur | 20 | L | Sumarsólstöður | 20 | M | Sumarlokun |
| 21 | F | Uppstigningardagur | 21 | S | | 21 | Þ | Sumarlokun |
| 22 | F | | 22 | M | Sólmánuður hefst | 22 | M | Sumarlokun |
| 23 | L | Skerpla hefst | 23 | Þ | | 23 | F | Sumarlokun |
| 24 | S | | 24 | M | Jónsmessan - Grænn litadagur | 24 | F | Sumarlokun |
| 25 | M | | 25 | F | Flóruferð | 25 | L | |
| 26 | Þ | | 26 | F | | 26 | S | Heyannir byrja |
| 27 | M | | 27 | L | | 27 | M | Sumarlokun |
| 28 | F | | 28 | S | | 28 | Þ | Sumarlokun |
| 29 | F | | 29 | M | | 29 | M | Sumarlokun |
| 30 | L | | 30 | Þ | | 30 | F | Sumarlokun |
| 31 | S | Hvítasunna | | | | 31 | F | Sumarlokun |

| Ágúst 2020 | | |
|---|---|---|
| 1 | L | |
| 2 | S | |
| 3 | M | Frídagur verslunarmanna |
| 4 | Þ | Sumarlokun |
| 5 | M | Sumarlokun |
| 6 | F | Sumarlokun |
| 7 | F | Sumarlokun |
| 8 | L | |
| 9 | S | |
| 10 | M | Sumarlokun |
| 11 | Þ | |
| 12 | M | |
| 13 | F | |
| 14 | F | |
| 15 | L | |
| 16 | S | |
| 17 | M | |
| 18 | Þ | |
| 19 | M | |
| 20 | F | |
| 21 | F | |
| 22 | L | |
| 23 | S | |
| 24 | M | |
| 25 | Þ | Tvímánuður hefst |
| 26 | M | |
| 27 | F | |
| 28 | F | |
| 29 | L | |
| 30 | S | |
| 31 | M | |